

inn hélt áfram að skera. „A-a!“ sagði sá þriðji þunglamalega — og hann var kominn að þeim fjórða. Þá varð hann hryggur í huga, fjórða strenginn, þann, sem hann hafði aldrei þorað að nefna eftir neinum, hann skar hann ekki. Nú var líka sem honum findist, að það hefði ekki verið strengjunum að kenna, að hann gat ekki spilað. Þá kom móðir hans í hægðum sínum upp eftir til hans, til þess að fara heim með hann. En þá varð hann enn þá hræddari, hann hélt á fiðlunni með sundurskorna strengina, reis á fætur og hrópaði á móti henni: „Nei, mamma! heim aftur vil eg ekki fara, fyr en eg get spilað alt, sem eg hefi séð í dag.“



Nýjar bækur.

„PYRNAR“: Þorsteinn Erlingsson. Önnur
prentun aukin. 8vo. 244 bls. Reykjavík. 1905.
Prentsmiðjan Gutenberg.

Hina fyrri útgáfu „Pyrna“ þekkja allir. Síðari útgáfunni ætti allir að kynnast, þeirri er út kom árið sem leið.

Þorstein þekkja allir, og eins þeir, er aldrei hafa séð hann, —og eins þeir, er óska að hann hefði aldrei kveðið eitt einasta stef. Fæstir af oss hafa orðið þeirrar ánægju aðnjótandi, að fá að sjá hann, eins þeir, er alið hafa hina sömu þrá og Heródes gamli forðum, og þeir, er stelast hefði viljað til hans á næturþeli. En svo eiga menn einatt ervitt með að sjá þann, sem býr í því ljósi, er enginn hefir til komist aldanna sona, og gengur þó enn ver að skilja hann.

Pessi útgáfa „Pyrna“ er allmikil bók. Í henni eru 85 kvæði, og af þeirri tölu er fjórði hlutinn nýr.

En ágæti „Pyrna“ væri lítið, ef ekkert væri nema versfjöldinn. Í því eina atriði komast þeir ekki til hálfss við mærðina vestrænu, því hér er meira af vessum en holdi og blóði,